

REGLUR

um smíði og búnað íslenskra skipa.

HLUTI M. I.

Reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa.

1. ALMENN ÁKVÆÐI.

1.01. Skilgreiningar sem notaðar eru í reglunum.

Fiskiskip: Skip sem aðallega er notað til fiskveiða.

Yfirmenn: Skipstjóri, stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamenn.

Undirmenn: Skipverjar aðrir en yfirmenn.

Stærð: Brúttórúmlestir, skammstafað rúml.

Viðurkenning: Viðurkenning Siglingamálastofnunar ríkisins.

1.02. Gildissvið reglnanna.

1.02.1. Reglur þessar gilda fyrir vélknúin fiskiskip 50 rúml. og stærri eftir því sem getið er um í einstökum greinum.

Á fiskiskipum minni en 50 rúml. skulu reglur þessar gilda, að svo miklu leyti sem við verður komið, án þess að notagildi skipsins sé skert til бага.

1.02.2. Reglur þessar gilda fyrir skip, sem kjölur er lagður að eftir gildistöku reglnanna.

1.02.3. Með skip sem eru í smíðum, þegar reglur þessar öðlast gildi og með eldri skip, skal farið eftir reglunum að svo miklu leyti, sem það er hægt, þegar tillit er tekið til hönnunar skipsins og tæknilegra erfiðleika, sem breytingar á innréttingum kunna að hafa í för með sér.

Á eldri skipum skulu þó nauðsynlegustu breytingar gerðar á innréttingum og útbúnaði sem fyrst, og eigi síðar en 5 árum eftir að reglurnar öðlast gildi. Meiriháttar breytingar, svo sem innréttingar á nýjum vistarverum, og stækkun eða breytingar á þeim, skulu hannaðar tímanlega og framkvæmdar, ef skipið fer í meiriháttar viðgerð eða endurbyggingu; þar sem innréttingar verða fjarlægðar. Nú berast Siglingamálastofnun ríkisins teikningar af fyrirhuguðum breytingum á vistarverum umræddra skipa sem að verulegu leyti brjóta í bága við reglurnar, og skal þá stofnunin ræða við útgerðarmenn og samtök sjómanna þann vanda, sem samfara er breytingu á vistarverum til uppfyllingar ákvæðanna, áður en endanleg ákvörðun er tekin.

1.02.4. Skip sem keypt verða frá útlöndum eftir að reglurnar öðlast gildi skulu fylgja þeim, að svo miklu leyti sem hönnun þeirra leyfir.

1.02.5. Siglingamálastofnunin getur krafist breytinga á vistarverum, ef þær eru álitnar ófullnægjandi og heilsuspillandi. Siglingamálastofnunin skal leita álits Heilbrigðiseftirlits ríkisins, ef ástæða er til að ætla að vistarverur geti verið heilsuspillandi.

1.03. Teikningar.

1.03.1. Fyrir öll skip 25 rúml. og stærri, sem eru í smíðum, skal senda Siglingamálastofnun ríkisins til samþykktar teikningar, sem sýna staðsetningu og fyrirkomulag vistarvera.

Þessar teikningar skulu berast það tímanlega, að athugun á þeim geti farið fram áður en verklegar framkvæmdir hefjast. Ef kvörtun eða kára berst Siglingamálastofnuninni frá sjómannasamtökum, sbr. gr. 1.02.5., um að íbúðir áhafna í skipi 50 rúml. eða stærri séu ekki samkvæmt reglum eða á annan hátt ófullnægjandi, getur stofnunin krafist nauðsynlegra teikninga.

1.03.2. Fyrir nýsmíði og meiriháttar breytingar skal teikning, sem sýnir staðsetningu (fyrirkomulagsteikning) íbúða skipa 25 rúml. og stærri, send í 3 eintökum til samþykktar. Teikningarnar skulu sýna greinilega einstök rými, aðgang að þeim o. s. frv. Teikningar með skurðum af einstökum rýmum skal sömuleiðis senda í 3 eintökum. Þess teikningar skulu eigi vera í minni kvarða en 1:50. Teikningarnar með tilheyrandi texta skulu sýna hvernig nota skal rýmið, innréttingu og búnað, loftræstingu þess, lýsingu, upphitun og hreinlætisaðstöðu. Flatarmál á gólfi og rúmmál vistarvera áhafnar skal og tilgreint.

2. SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI FYRIR ALLAR VISTARVERUR ÁHAFNAR.

2.04. Skipan vistarvera.

2.04.1. Skipan vistarvera fyrir áhöfnina, aðgangur að þeim, smíði þeirra og staðsetning skal vera þannig, að tryggð sé vörn gegn veðri og sjó, einangrun frá hita og kulda og óþarfa lykt, vörn gegn reyk og gufu frá öðrum rýmum. Svefnklefar skulu jafnan vera miðskips eða í afturskipi. Siglingamálastofnunin getur samþykkt klefa í framskipi, ef önnur staðsetning er talin óhentug, eða torveld vegna stærðar, gerðar eða fyrirhugaðrar notkunar skipsins. Svefnklefar mega aldrei vera framan við stafnskilju. Frá vistarverum, eldhúsi eða vélarrúmi skulu vera útgangar á báðum hliðum þilfarshúss eða annarri hlið þess og í afturþili.

2.04.2. Ekki skulu vera op inn í svefnklefa beint frá lest, vélarúmi, geymslum fyrir málningu, þilfarsáhöld eða vélavarahluti eða frá öðrum svipuðum geymslum, þurrkklefum, sameiginlegum þvottaklefum eða sameiginlegum salernum. Dyr eða lúga má þó vera í svefnklefum að matargeymslum, ef hægt er að loka þeim loftþétt. Aðgangur að matargeymslu skal þá einnig vera beint frá þilfari, ef það er mögulegt. Ef svefnklefi er með hurð að gangi, þar sem einnig er hurð að vélarrúmi, skal vélarrúmshurðin vera sjálflokandi. Læsingar skulu vera á báðum hurðum.

2.04.3. Stálþilför og stálþil í vistarverum, sem mynda þak eða hliðar í oliugeymum, skulu vera loftþétt og auk þess klædd með nægjanlega þykku eldföstu efni. Í vistarverunum skulu ekki vera mannop eða önnur op að eldsneytisolíugeymum. Loftræsting skal vera sérlega góð í slíkum klefum.

2.05. Smíði vistarvera.

2.05.1. Útveggir í svefnklefum og borðsölum skulu vera nægjanlega einangraðir gegn hita, kulda og hávaða að mati Siglingamálastofnunar ríkisins. Vélarrúmsreislur og eldhússþil, sem liggja að vistarverum, skulu einangruð nægjanlega, einnig gufu og heitavatnsleiðslur í vistarverum.

Aðaleimpípur og glateimpípur skulu ekki leiddar í gegn um vistarverur áhafnar né heldur gegn um ganga er liggja að vistarverum, ef það er tæknillega mögulegt. Séu slíkar pípur lagðar gegn um vistarverur eða ganga, skulu þær tryggilega einangraðar og varðar. Innveggir skulu vera úr viðurkenndu efni, sem hindrar útbreiðslu elds og ekki getur hýst meindýr. Allar hurðir að vistarverum skulu vera með læsingu. Hurðir í svefnklefum skulu vera búnar neyðar-spjaldi sem útgönguleið.

2.05.2. Stálþilfar, sem myndar þak yfir vistarverum og er óvarið fyrir vindi og sjó, skal einangrað undir stálþilfarið og bita. Flöt innri þakklæðningar skal vera auðvelt að þrifa. Notkun á plægðum borðum eða öðrum klæðningum, sem ætla má að geti hýst meindýr, er bönnuð. Á tréskipum skulu þverskipspil og skipssúð klædd með viðurkenndu efni svo og lestar- og vélarrúmsþil í íbúðum. Tryggja skal nægjanlega loftræstingu milli banda, klæðningar og bita. Klæðning skal sett upp, þannig að auðvelt sé að fjarlægja hana til að komast að skipssúð, þilum og þilfari til skoðunar.

Afgasrör, sem nauðsynlega þarf að leiða gegnum svefnklefa, skulu höfð í loftþéttum stokkum úr járn eða þ. u. l..

- 2.05.3. Veggir og loft í vistarverum skulu vera ljóslit og auðvelt skal vera að halda þeim hreinum.

Ekki má nota í skipum lakk eða málningu, sem framleidd er úr nitrocellulose eða öðrum eldfimum efnum.

- 2.05.4. Gólf í öllum vistarverum skulu vera úr viðurkenndu efni. Yfirborð þeirra skal vera rakapétt og auðvelt skal vera að halda því hreinu. Skil milli gólfs og skipssúðar skulu vera þannig, að ekki myndist þar rifur, sem óhreinindi geta safnast í.

- 2.05.5. Gólf í snyrtiklefum skulu vera úr viðurkenndu rakapétu efni, sem auðvelt er að þvo. Fullnægjandi frárænni skal vera úr klefunum. Veggir skulu vera úr stáli eða öðru viðurkenndu efni. Þeir skulu vera vatnsheldir.

- 2.05.6. Fiskiskip, sem ætlað er að stunda veiðar á heitum hafsvæðum, skulu búin netum fyrir hurðum, opnanlegum kýraugum, gluggum og loftrásum, til að hindra að flugur og önnur skordýr komist inn í vistarverur.

2.06.0. Loftræsting.

- 2.06.1. Vistarverur skulu búnar fullnægjandi loftræstingu. Loftendurnýjun skal vera fullnægjandi í öllum veðrum. Skip 200 rúml. og stærri skulu búnar vélrænni loftræstingu fyrir vistarverur áhafnar. Skal kerfið vera það afkastamikið, að minnst 30 m³ af fersku lofti á mann á klukkustund verði blásið inn í hvern svefnklefa, og að loftskipti verði minnst 6 sinnum á klukkustund í borðsölum og setustofum.

- 2.06.2. Á skipum, sem ekki hafa vélræna loftræstingu, og þar sem klefar liggja að gangi undir þilfari, skulu lögð tvö loftrör að ganginum, annað fyrir aðstreymi og hitt fyrir frástreymi. Frá aðstreymis-loftrörinu skal leiða stokk með greinröri inn í hvern klefa. Loftop með rennilokum skulu vera á hurð eða vegg klefanna fyrir frástreymisloft. Vistarverur sem eru ofan þilfars skulu búnar stillanlegum loftræstiopum.

- 2.06.3. Loftræstiop skulu staðsett, þannig að ekki myndist óþægilegur súgur fyrir þá, sem í klefunum eru. Opin mega ekki vera rétt við eða beint yfir hvílu. Loftræstiop skulu vera stillanleg.

- 2.06.4. Innblástur af fersku og/eða upphituðu lofti til salerna er aðeins leyfður, ef á salerninu eru dyr út á opið þilfar eða frá salerninu er vélknúð útsog eða dyr eru til aðliggjandi þvottaklefa eða inn í forstofu eða gang, þar sem er vélknúð útsog (undirþrýstingur). Frástreymisrör frá snyrtiklefum, þar sem ekki er vélrænt útsog, skulu leidd út í ferskt loft.

2.07. Upphitun svefnklefa.

- 2.07.1. Í öllum skipum skulu vera tæki til upphitunar svefnklefa. Hitunartæki skulu ávallt vera virk meðan áhöfnin býr eða vinnur um borð, svo framarlega sem það er mögulegt og aðstæður krefjast þess.

- 2.07.2. Á skipum 500 rúml. og stærri skulu klefar hitaðir upp með gufu, heitu vatni, heitu lofti eða rafmagni. Minni skip skulu upphituð á sama hátt ef mögulegt er. Ef oliukynt eldavel er notuð til upphitunar, skal hún vera nægjanlega stór, tryggilega uppsett og varúðarráðstafanir gerðar gegn eldhættu og loftmengun.

Slíka eldavel skal ekki staðsetja nálægt útgönguleiðum. Hana má nota sem varaupphitun í skipum yfir 500 rúml. Súgspjald má ekki vera í reykþípu. Ekki má nota steinolíuofna. Upphitunartækin skulu geta haldið 18° hita í klefum við öll veðurskilyrði.

Ofnar eða annar upphitunarbúnaður skal þannig byrgður og staðsettur, að ekki stafi eldhætta af, né önnur hætta eða óþægindi.

2.08. Lýsing.

2.08.1. Lýsing í vistarverum áhafnar skal vera nægjanleg.

2.08.2. Ef ekki eru til tveir rafmagnsljósgrjafar óháðir hvor öðrum til lýsingar, skal vera varaljósbúnaður, hentugir lampar eða ljósker.

2.08.3. Í borðsölum og dagstofum skulu jafnan vera gluggar þar sem aðstæður leyfa.

2.08.4. Kröfur til nauðsynlegrar lýsingar eru álitnar fullnægjandi, þegar eftirtalin atriði eru uppfyllt:

2.08.4.1. Meðallýsing í hverjum svefnklefa, borðsal og dagstofu skal vera að minnsta kosti 150 lux.

2.08.4.2. Á skrifborðum í svefnklefum, borðsal og dagstofu skal lýsingin vera minnst 300 lux.

2.08.4.3. Baðklefar og salerni skulu vera búin lýsingu sem að minnsta kosti nær 100 lux og við snyrtispegilinn minnst 200 lux.

2.08.4.4. Lýsing í stigagöngum og forstofum skal vera minnst 100 lux.

2.08.5. Við hverja hvílu skal vera leslampi.

2.08.6. Við útreikning á meðaltals lýsingu í klefa, skulu öll rafmagnsljós, sem venjulega eru í notkun, talin með. Þegar mæling á lýsingu er gerð, skal vel dregið fyrir alla glugga, hurðir lokaðar o. s. frv.. Þar skulu að minnsta kosti gerðar fimm mælingar (ein mæling í miðjum klefa og ein í hverju horni.) Mælingarnar skal gera í láréttum fleti 1.0 m yfir gólf.

2.08.6.1. Á skipum, sem eingöngu eru búin rafölum, sem knúðir eru af aðalvél skipsins, skal í dagstofum, svefnklefum, borðsölum, göngum og stigagöngum vera nægjanlegur fjöldi ljósastæða, sem fær straum frá rafgeymum.

2.08.7. Æskilegt er að stöðugt blátt ljós sé í svefnklefum að næturlagi, þar sem fleiri en einn búa.

3. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI VARÐANDI VISTARVERUR.**3.09. Sérstakir svefnklefar.**

Á skipum 200 rúml. og stærri skulu yfirmenn vera í eins manns klefum, þó mega tveir yfirmenn vera í sama klefa, þegar nauðsynlegt er vegna plássleysis.

3.10. Fjöldi manna í klefum.

3.10.1. Í skipum 200 rúml. og stærri skulu ekki vera fleiri en 4 menn í sama klefa, og á skipum undir 200 rúml. mega ekki vera fleiri en 6 menn í klefa.

3.10.2. Yfir dyrum að hverjum svefnklefa skal merkja greinilega fyrir hve marga klefinn er ætlaður. Merkingin verður að vera varanleg.

3.10.3. Áhöfninni skal svo sem frekast er unnt skipað þannig í klefa, að vaktir séu sem allra mest aðskildar og að enginn dagmaður sé í klefa með þeim sem ganga vaktir.

3.11. Stærð svefnklefa.

3.11.1. Í svefnklefum skal flatarmál gólfs fyrir hvern mann vera sem hér segir:

skip 25 rúml. en minni en 50 rúml.	0.50m ²
— 50 — — — 100 —	0.75m ²
— 100 — — — 250 —	0.90m ²
— 250 — — — 500 —	1.00m ²
skip 500 rúml. og stærri	1.30m ²

Við mælingu á gólfplatarmáli skal ekki taka með gólfhlöt undir hvílum og skápum og óreglulega lagaða gólfleti, sem ekki auka á möguleika til að hreyfa sig. Gólfhlötur undir sætum og borðum skal þó reiknast með við mælinguna. Í einsmanns svefnklefum skal lágmarks gólfhlöturinn aukinn um 50% frá því, sem að framan greinir.

- 3.11.2. Fjarlægð frá rúmstokki að vegg á móti skal minnst vera 0.6 m mælt frá miðri hvílu.
- 3.11.3. Hæð til lofts í svefnklefum skal mæld frá gólfleti að neðri brún loftbita og skal ekki vera minni en 1.85 m í skipum undir 500 rúml. og 1.90 m í skipum 500 rúml. og stærri.
- 3.12.0. **Hvílur.**
- 3.12.1. Sérhver skipverji skal hafa eigin hvílu. Aðkoma skal vera frá hlið. Á skipum 50 rúml. og stærri skal innanmál hvilanna minnst vera 1.95 m x 0.68 m. Á skipum 25—50 rúml. skal innanmál hvilanna minnst vera 1.95 m x 0.55 m. Lengdin skal mæld samhliða rúmstokk og breiddin á miðri lengd hornrétt á rúmstokk. Bæði málin skulu fundin í 15 cm hæð frá hvílubotni. Í einsmannsklefum má hvíla og bekkur vera sambyggð, ef undir hvílunni er skúffa fyrir sængurföt.
- 3.12.2. Hvílur mega ekki vera nær gólfi en 30 cm og ekki mega vera nema tvær hvílur í hæð. Efri hvílan skal staðsett um það bil mitt á milli hvílubotns í neðri hvílu og neðri brún þilfarsbita.
- 3.12.3. Hvílubotn skal vera með góðri áklæddri viðurkenndri dýnu. Ef notaðir eru rammur úr rörum, skulu þeir vera algjörlega lokaðir og án opa sem skordýr geta leynst í. Hvílubrik skal vera úr harðviði, eða öðru viðurkenndu efni.
- 3.13. **Innréttingar og annar útbúnaður.**
- 3.13.1. Í skipum 75 rúml. og stærri skal vera einn læsanlegur skápur fyrir hvern íbúa hvers klefa. Innanmál skápsins skal minnst vera 1.50 m x 0.55 m x 0.30 m. Í skipum undir 75 rúml. skal vera fataskápur á hverja 5 menn og skal hann vera eins stór og hægt er og vel staðsettur. Þar skal koma fyrir á hagkvæman hátt læsanlegum skúffum eða smáskápum fyrir hvern mann með eftirfarandi málum:
Í skipum 75 rúml. og stærri: 0.056 m³.
Í skipum minni en 75 rúml.: 0.035 m³.
- 3.13.2. Í hverjum svefnklefa skal vera borð, sem má vera fast, útdregin plata eða plata sem hægt er að leggja niður. Sæti skulu vera fyrir alla, sem klefinn er ætlaður fyrir.
- 3.13.3. Í skipum, þar sem ekki er borðsalur, skal í svefnklefa vera eitt eða fleiri borð, nægjanlega stór til að allir geti matast samtímis.
Borðplatan skal vera slétt, svo auðvelt sé að halda henni hreinni.
- 3.13.4. Á öllum skipum skal í svefnklefum vera spegill og hæfilegur fjöldi króka fyrir föt.
- 3.13.5. Í skipum 100 rúml. og stærri skal auk svefnklefanna vera læsanlegt rými til geymslu á vinnufötum, sjóklæðum og stígvélum. Rýmið skal útbúið hæfilegum fjölda snaga.
Í skipum undir 100 rúml. skal, svo framarlega sem aðstæður leyfa, vera sérrými til þessara nota.
- 3.13.6. Í skipum, þar sem ekki eru sérstakir snyrtiklefar, skal vera handlaug úr ryðfriðu efni í hverjum svefnklefa og skal handlaugin búin hæfilegum vatnslási á frárennslislögn til safnþróar.
- 3.13.7. Húsgögn skulu vera úr sléttu hörðu efni sem ekki er viðkvæmt fyrir raka og tærast ekki.
- 3.13.8. Í svefnklefum skulu vera gluggatjöld fyrir gluggum.
- 3.13.9. Í hverjum svefnklefa skal vera að minnsta kosti ein bókahilla.
- 3.14. **Borðsalir.**
- 3.14.1. Í skipum, sem eru 100 rúml. eða stærri skal vera borðsalur. Minnst helm-

ingur skipshafnar skal geta borðað í einu á skipum, sem eru 100—400 rúml. Á skipum sem eru 400 rúml. og stærri skal öll áhöfnin geta setið til borðs í einu.

- 3.14.2. Varðandi eldhús og borðsal í sama rými vísast til 4.17.1.
- 3.14.3. Í borðsölum skal vera eitt eða fleiri borð hæfilega stórt. Borðplatan skal vera úr hörðu efni með lúmdum samskeytum eða öðru hagkvæmu efni, sem myndar sléttan flöt.
- 3.14.4. Í borðsölum skal vera skápur fyrir mataráhöld. Uppþvottur skal fara fram í eldhúsinu.
- 3.14.5. Á skipum sem hafa sérstakan mann til að annast matseld og skipum með sérstakan borðsal, skal útgerðarmaðurinn sjá fyrir borðbúnaði. Diskar, bollar og annað slíkt skal vera úr viðurkenndu efni, sem auðvelt er að halda hreinu.
- 3.14.6. Þegar aðstaður leyfa skal borðsalur vera þannig búinn, að hann henti sem setustofa.

4. SÉRSTÖK ÁKVÆÐI UM ÖNNUR RÝMI O. FL.,

4.15. Snyrtiklefar.

- 4.15.1. Í snyrtiklefum skal vera rennandi heitt og kalt vatn. Skal þar vera að minnsta kosti ein handlaug fyrir hverja 6 menn, sem nota snyrtiklefann. Handlaugar skulu vera úr ryðfríu efni með sléttum innra fleti og hæfilegu frárennsli með vatnslási.
- 4.15.2. Í snyrtiklefanum, eða í sérstökum nálægum klefa skal vera eitt steypibað með heitu og köldu vatni á hverja 8 menn. Ef steypibaðið er staðsett í snyrtiklefanum, verður frárennslinu frá steypibaðinu að vera komið þannig fyrir, að ekki renni vatn út á gólf. Snyrtiklefinn verður að vera þannig gerður, að nota megi sem snyrtiklefa, þótt steypibaðið sé í notkun samtímis.

Fyrir yfirmenn eða aðra af áhöfninni, sem búa í svefnklefa með handlaug með rennandi vatni, er sérstakur steypibaðklefi nægjanlegur.

- 4.15.3. Skip 400 rúml. og stærri skulu búin snyrtiklefa fyrir yfirmenn og öðrum fyrir undirmenn.
- 4.15.4. Skip 150 rúml. að 400 rúml. skulu búin snyrtiklefa með steypibaði og handlaugum, sem öll skipshöfnin hefur aðgang að.
- 4.15.5. Í skipum 50 rúml. en undir 150 rúml. skal vera steypibað ef rými leyfir. Þar sem aðstaða er fyrir hendi, skal vera snyrtiklefi hjá steypibaðinu.
- 4.16. Þvotta- og þurrkklefi fyrir föt.
- 4.16.1. Aðstaða til að þvo og þurrka föt skal vera hæfileg, miðað við stærð áhafnar og venjulegt úthald.
- 4.16.2. Ef ekki er komið fyrir sérstökum klefa til fataþvotta í skipinu 500 rúml. og stærri, skal vera sérstakur vaskur til fataþvotta í þvottaherbergi áhafnarinna. Aðgangur að heitu og köldu vatni skal vera þar.
- 4.16.3. Í skipum 250 rúml. og stærri skal vera aðstaða til að þurrka föt á hæfilegum stað, aðskildum frá svefnklefum og matsal. Þar skal vera góð loftræsting, upphitun og útbúnaður til að hengja föt á. Föt mega ekki hanga nálægt heitum flötum, sem geta valdið íkveikju.

4.17. Eldhús:

- 4.17.1. Í skipum 50 rúml. og stærri skal eldavélin vera í sérstöku herbergi. Þegar um skip undir 250 rúml. er að ræða, getur siglingamálastjóri veitt leyfi til að matsalur og eldhús séu í sama herbergi, (sjá 3.14.2.). Eldhúsið skal vera hæfilega útbúið, nægjanlega stórt, vel upplýst og loftræst.

- 4.17.2. Í eldhúsi skal vera rennandi vatn.
- 4.17.3. Til geymslu á matvælum skal vera vel loftræst rými, hæfilega stórt miðað við stærð skipsins og notkun þess.
Matvælageymslur skulu vera búnar nauðsynlegum hillum og skápum, svo hagkvæmar séu í notkun. Frysti- og/eða kælirúm (eða kæliskápur) til geymslu matvæla og annarra neysluvara skal vera í skipum, þar sem því verður við komið og ástæða þykir til að dómi siglingamálastjóra.
- 4.17.4. Siglingamálastjóri getur sett nánari reglur um innréttingu og annan útbúnað í eldhúsi.
- 4.18. **Salerni.**
- 4.18.1. Eigi skulu vera færri salerni en eitt fyrir hverja 8 menn. Í skipum 500 rúml. og stærri skal þar að auki vera sér salerni fyrir yfirmenn.
- 4.18.2. Salernisskál og seta skal vera úr viðurkenndu efni. Skolkerfið skal vera fullvirkt við öll hitaskilyrði. Tryggja skal að skolvatn í geymum og leiðslum frjósi ekki við þær aðstæður, sem eru eðlilegar á farsviði skipsins. Gengið skal vel frá frárænnslisli og gæta skal að hafa frárænnslisrörið hæfilega stórt. Ekki má leggja það gegnum vatnsgeyma og ekki upp undir loft matsalar eða svefnklefa.
- 4.18.3. Á salernum skal alltaf vera nægur salernispappír.
- 4.18.4. Salerni skulu vera í hæfilegri fjarlægð frá svefn- og snyrtiklefum, en þó aðskilin frá þeim. Ekki skal vera gengið beint úr svefnklefum á sameiginleg salerni.
- 4.18.5. Þegar salerni eru fleiri en eitt í sama rými, skal þilja þau af þannig að þau séu aðgreind.
- 4.19. **Sjúkraklefi.**
- 4.19.1. Í skipum 500 rúml. og stærri skal vera sérstakur sjúkraklefi, innréttaður og útbúinn eins og greint er frá í 4.19.2. til 4.19.8.
- 4.19.2. Í sjúkraklefa skal gólfhlöður eigi vera minni en í svefnklefum samkvæmt þessum reglum.
- 4.19.3. Auk venjulegrar raflýsingar skal í sjúkraklefa vera tengill fyrir færanlegan lampa.
- 4.19.4. Þegar skipverjar eru 20 eða færri, skal að minnsta kosti vera eitt rúm í kleanum, en tvö rúm, þegar skipverjar eru 21 eða fleiri.
- 4.19.5. Við hvert rúm skal vera búnaður til að hringja á hjálp.
- 4.19.6. Í beinu sambandi við sjúkraklefan, eða mjög nálægt, er æskilegt að sé salerni. Ef um borð er sjúklingur, sem álitid er að sé haldinn smitandi sjúkdómi, mega aðrir ekki nota sama salerni.
Sjúkraklefan má nota í öðrum tilgangi um takmarkaðan tíma.
- 4.19.7. Í sjúkraklefa skal vera fataskápur. Um fjölda, stærð og gerð gilda ákvæðin í 3.13.1. um fataskápa skipshafnarinnar. Í sjúkraklefanum eða salerni, sem tilheyrir sjúkraklefanum, skal vera að minnsta kosti ein handlaug með sápuhaldara fyrir hvert rúm sjúkraklefans. Skápur til geymslu á hægðaskál og þvottaskál skal vera í sjúkraklefanum.
- 4.19.8. Yfir dyrum sjúkraklefans skal standa skýrum stöfum „SJÚKRACLEFI“ höggvið inn eða á annan hátt varanlega lettrað (ekki málaðir stafir eingöngu).
- 4.19.9. Skip milli 100 og 500 rúml. skulu, ef rými leyfir, vera búin klefa, þar sem hægt er að koma fyrir sjúklingi í neyð. Þennan klefa má nota til annarra hluta, þegar enginn er veikur.

5. HREINLÆTI.

5.20. Hreingerning og viðhald.

5.20.1. Vistarverum og húsbúnaði skal haldið vel hreinum.

5.20.2. Aðalhreingerning á öllum vistarverum áhafnar, göngum og stigum, skal gerð eftir að skip hefur legið ónotað og eftir viðgerðir. Þar að auki skal hreingert og sótthreinsað vandlega þegar sérstakar ástæður eru til þess, eins og til dæmis eftir smitandi sjúkdóm.

Vi aðalhreingerningu skal loft, veggir, gólf og öll húsgögn, sem það þola, þvegið með heitu vatni og sápu eða öðru hreinsiefni. Rúmfatnaður og dýnur skulu viðraðar úti.

5.20.3. Á innfluttum skipum, sem ekki eru nýsmíði, skal framkvæmd aðalhreingerning og sótthreinsun á öllum vistarverum áður en notkun hefst.

5.20.4. Ef í ljós kemur að meindýr eru í vistarverum, skal það tilkynnt yfirmönnum tafarlaust. Slíkum meindýrum skal eyða eins fljótt og hægt er. Þar til þetta hefur verið framkvæmt, getur Siglingamálastofnunin bannað notkun vistarveranna.

Eyðingin skal framkvæmd þannig, að hvorki lífi né heilsu fólks sé hættu búin. Ef gas er notað til eyðingarinnar, skal fylgja nákvæmlega þeim reglum sem gilda á þeim stað, sem skipið er stadd þegar eyðing fer fram.

5.20.5. Málun og hreinsun vistarvera skal framkvæmd eins oft og þykir nauðsynlegt og þegar Siglingamálastofnun krefst þess.

5.20.6. Allt hreinlæti um borð skal vera undir eftirliti og á ábyrgð skipstjóra skipsins.

6. UNÐANÞÁGUR, REFSINGAR O. FL.,

6.21. Undanþágur.

Siglingamálastofnunin getur leyft frávík frá ákvæðum þessara reglna, þegar aðstæður um borð í einstökum skipum réttlæta það.

6.22. Refsingar.

Brot á reglum þessum varða refsingu samkvæmt X. kafla laga nr. 52 12. maí 1970 um eftirlit með skipum.

6.23. Kynning.

Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt fyrir alla um borð.

6.24. Gildistaka.

Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum nr. 52 12. maí 1970, um eftirlit með skipum og staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi IX. kafli reglna nr. 11/1953, um eftirlit með skipum að því er tekur til fiskiskipa.

Samgönguráðuneytið, 8. janúar 1979.

Ragnar Arnalds.

Brynjólfur Ingólfsson.